

Aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis eru möguleg uppspretta áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra. Viðskiptaskjöl eru lykilinn að rekjanleika aukaafurða dýra. Rekstraraðilar skulu sjá til þess að aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir séu rekjanlegar á öllum stigum framleiðsluferils, notkunar og förgunar, til að forðast óþarfa raskanir á markaði ef upp kæmi raunveruleg eða hugsanleg áhætta fyrir heilbrigði manna eða dýra. Viðskiptaskjöl gefa upplýsingar um að aukaafurðirnar sem sendingin inniheldur uppfylli ákvæði í reglugerðum um aukaafurðir dýra. Slíkar upplýsingar eru mikilvægar fyrir móttakanda aukaafurða dýra og einnig fyrir yfirvöld í eftirliti sínu.

1774/2002/EB (108/2002/IS) – Viðauki II – Kröfur varðandi hollustuhætti við söfnun og flutning aukaafurða úr dýrum og unninna afurða

Auðkenning – 1.kafli í viðauka II

- Grípa verður til allra nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja:
 - að auðkenna megi *efni í 1., 2. og 3. flokki* og þeim sé haldið aðskildum og auðkennanlegum við **söfnun og flutning**,
 - að auðkenna megi *unnar afurðir* og þeim sé haldið aðskildum og auðkennanlegum við **flutning**.
 - Skilgreiningar á 1., 2. og 3. flokki er að finna 4.-6.gr. reglugerðar nr. 1774/2002/EB ásamt upplýsingum um notkun og förgun á hverjum flokki.
- Í **flutningi** skal vera merkimiði sem er festur á umbúðir, gáminn eða ökutækið þar sem:
 - kemur skýrt fram **flokkur** aukaafurða úr dýrum eða, ef um er að ræða unnar afurðir, flokkur aukaafurða úr dýrum, sem unnu afurðirnar voru fengnar úr og
 - standa eftirfarandi orð:
 - ef um er að ræða efni í **3. flokki**, „Óhæft til manneldis“,
 - ef um er að ræða efni úr **2. flokki** (annað en húsdýraáburð og innihald meltingarvegjar) og unnar afurðir sem fást úr því, „Óhæft í fóður“
 - ef um er að ræða efni í **1. flokki** og unnar afurðir sem fást úr því, „Eingöngu til förgunar“,
 - ef um er að ræða **húsdýraáburð** og **innihald meltingarvegjar**, „Húsdýraáburður“.

Ökutæki og gámar – 2.kafli í viðauka II

- Aukaafurðir úr dýrum og unnar afurðir skulu við söfnun og flutning vera í *lokuðum, nýjum umbúðum eða lokuðum og lekaþéttum gámum eða ökutækjum*.
- Skýlt er að ökutæki og endurnotanlegir gámar, svo og allur endurnotanlegur búnaður eða tæki, sem komast í snertingu við aukaafurðir úr dýrum eða unnar afurðir:
 - séu hreinsuð, þvegin og sótthreinsuð eftir hverja notkun,
 - þeim sé ávallt haldið hreinum og
 - þau séu hrein og þurr fyrir notkun.

Viðskiptaskjöl – 3. og 10.kafli í viðauka II

- Í flutningum **skal viðskiptaskjal** eða, ef þess er krafist samkvæmt reglugerð um aukaafurðir dýra, heilbrigðisvottorð fylgja aukaafurðum úr dýrum og unnum afurðum,
 - nema um sé að ræða afurðir unnar úr efni í 3. flokki sem smásalar afgreiða innan sama aðildarríkis til annarra notenda en rekstraraðila fyrirtækja.

- Viðskiptaskjal þarf að fylgja **öllum flokkum ABP** – aðeins er gerð undantekning þegar öll eftirfarandi atriði eiga við:
 - Flutningur á afurðum unnum úr efnum í 3.flokki
 - Frá smásölum
 - Innanlands
 - Beint til endanlegra notenda (þ.e. ekki samþykktra starfsstöðva)
- Í viðskiptaskjalinu skal koma fram:
 - **dagurinn** þegar efnið var flutt af athafnasvæðinu,
 - **lýsing á efninu**, þ.m.t. *auðkenning efnisins, dýrategundin*, sem efnið í 3. flokki og unnar afurðir sem fást úr því eru fengnar úr og eru ætlaðar til notkunar sem fóðurefni, og, ef við á, númer á eyrnamerkinu,
 - **magn** efnisins,
 - **upprunastaður** efnisins,
 - ef við á, samþykkisnúmer upprunastöðvarinnar og eðli meðhöndlunar og aðferðir við meðhöndlunina
 - nafn og heimilisfang **flytjandans**,
 - nafn og heimilisfang **viðtakanda**
 - ef við á, samþykkisnúmer hans
- Viðskiptaskjölín **skulu gerð a.m.k. í þríriti** (eitt frumrit og tvö afrit). *Frumritið* skal fylgja sendingunni til lokaviðtökustaðar. *Viðtakandi* skal halda því eftir. *Framleiðandinn* skal halda eftir öðru afritinu og *flytjandinn* hinu.
- Viðskiptaskjal sem er í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í þessum kafla skal fylgja aukaafurðum úr dýrum og unnum afurðum við flutning. Þó getur aðildarríki krafist eftirfarandi vegna flutninga á aukaafurðum úr dýrum og unnum afurðum á eigin yfirráðasvæði:
 - að notuð séu mismunandi viðskiptaskjöl, á pappír eða á rafrænu formi, **að því tilskildu** að slík viðskiptaskjöl uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um hér að ofan,
 - Viðskiptaskjöl geta verið rafræn svo framarlega sem viðskiptaskjal er gert fyrir hverja sendingu, allar upplýsingar um hana komi fram og að sendandi, flytjandi og viðtakandi hafi eintak af skjalinu.
 - að magn efnis sé sett fram sem þyngd efnisins í viðskiptaskjalinu.
 - Magn efnis í sendingu getur verið sett fram sem þyngd, rúmmál eða fjöldi pakkninga.
- Heimilt er að mæla fyrir um fyrirmynd að viðskiptaskjalinu
 - Á heimasíðu MAST er að finna slíka fyrirmynd að viðskiptaskjali.

Skrár – 4. og 5.kaflí í viðauka II

- Allir, sem senda, flytja eða taka við aukaafurðum úr dýrum, skulu halda skrá yfir sendingarnar. Í þeim skulu koma fram:
 - Upplýsingarnar um *lýsingu á efninu* og *magn* þess og
 - Upplýsingar um *sendingardagsetningu*, *flytjanda* og *viðtakanda*, ef um er að ræða skrár, sem allir **sendendur** aukaafurða úr dýrum halda,
 - Upplýsingar um *sendingardagsetningu*, *upprunastað* og *viðtakanda*, ef um er að ræða skrár, sem allir **flytjendur** aukaafurða úr dýrum halda eða
 - *Viðtökudagsetninguna* og upplýsingar um *upprunastað* og *flytjanda*, ef um er að ræða skrár sem allir **viðtakendur** aukaafurða úr dýrum halda.
- Geyma skal viðskiptaskjöl, heilbrigðisvottorð, og skrár í a.m.k. tvö ár þannig að leggja megi þau fyrir lögbært yfirvald.